**fjúka** *so. sb.-2 – bjóða*
[fauk, fukum, fokið]

– hatturinn fauk af henni í rokinu

‡

**reyk·ja** *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– má reykja hér?

‡

**flæk·ja** *so. vb.-i – heyra*
[-ti]

– ekki flækja málið

**log·a** *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– það logar á kertinu

‡

**lamp·i** *kk. – tími*
[-a, -ar]

– viltu kveikja á lampanum!

‡

**tyggja** *so. vb.-0 – leggja*
[tuggði, tuggðum, tuggið]

– maður verður að tyggja matinn vel

‡

**sveig·ja** *so. vb.-i – heyra*
[-ði]

– þær sveigðu fyrir horn

‡

**boð·a** *so. vb.-a – kalla*
[-aði]

– forsetinn boðaði komu sína

‡ • boð, bjóða

**skemmtun** *kvk. – mynd Ö*
[-ar, skemmtanir]

– komið þið á skemmtunina í kvöld?

‡ skemtan/skemtun • skemmta, skemmtilegur

**jökul·l** *kk. – hestur B S*
[-s, jöklar]

– stærsti jökull Íslands heitir Vatnajökull

‡

**leyndarmál** *hk. – hús*
[-s, -]

– uppskriftin er leyndarmál

‡

**foss** *kk. – hestur 0*
[-, -ar]

– Gullfoss er frægasti fossinn á Íslandi

‡/fors

**hljóðfæri** *hk. – hús*
[-s, -]

– spilar þú á hljóðfæri?

‡ hljóðfœri • hljóð, færi, færa

**forstof·a** *kvk. – stofa*
[-u, -ur]

– fatahengið er í forstofunni

‡/forskáli

**veitingahús** *hk. – hús*
[-s, -]

– við ætlum að borða á veitingahúsi

‡ • veita; hús, eldhús, húsgögn, leikhús, pósthús, sjúkrahús

**kodd·i** *kk. – tími*
[-a, -ar]

– ég verð að sofa með kodda

‡